

**515. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 27. febrúar 2019  
og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Mar Óskarsson formaður, Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Þóra Marý Arnórsdóttir aðalmaður, Lína Björg Tryggvadóttir aðalmaður og Jóna Símonía Bjarnadóttir varamaður.

**Embættismenn:**

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Hornvík - Umsókn um framkvæmdaleyfi - 2019020056**

Ferðafélag Íslands sækir um heimild til framkvæmda við Hornbjargsvita í Hornstrandafriðlandi. Í umsókn til Umhverfisstofnunar þann 6. jan sl. var fallið frá viðgerðum á stiga og togbraut úr fjöru upp á brún. Hinsvegar sótt um að setja upp þurrsalerni og lagfæra fallpípu virkjunar.

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Hornstrandanefndar sem er stofnuninni til ráðgjafar í málefnum friðlandsins. Umhverfisstofnun veitti skilyrt leyfi í bréfi til Ferðafélags Íslands dags. 15. febrúar 2019, önnur fylgiskjöl eru greinargerð frá Ferðafélagi Íslands 3. útgáfa dags. 29. janúar. Ásamt heimild Vegagerðar í tölvupósti 23.10.2018

*Skipulags og mannvirkjanefnd samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli skipulagsreglugerðar 90/2013 og reglugerðar 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfi er skilyrt samanber umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 15. feb. 2019.*

**2. Ósk um deiliskipulagsbreytingu - Hafnarbakki 3, Flateyri - 2018100008**

Uppdráttur frá Verkís dags. 10. desember 2018 var grenndarkynntur fyrir lóðarhöfum Oddavegar 3, Hafnarstrætis 4 og 6, ásamt lóðarhöfum Hafnarbakka 5 og 6. skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin tekur til stækkunar byggingarreits og hækkunar nýtingahlutfalls á lóð Hafnarbakka 3

Ekki voru gerðar athugasemdir við breytingar.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja uppdrátt dags. 10. des. 2018*

**3. Ísafjarðarbær - Óveruleg breyting á Aðalskipulagi 2008-2020 m.t.t. rekstrarleyfa - 2019020069**

Lögð fram tillaga frá Verkís, dags. 20.feb. sl, að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðar 2008-2020

Forsendur breytinga má rekja til breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 sem öðlaðist gildi 1. janúar 2017.

Í gildandi aðalskipulagi eru engin ákvæði sem varða gistipjónustu á íbúðasvæðum. Ákvæðin eru sett til þess að bregðast við lagabreytingunni. Breytingin snýr að áður útgefnum leyfum, þannig að heimilt verði að endurútgefa gistileyfi fyrir starfsemi í flokki II, en ekki verði heimilt að gefa út ný leyfi. Jafnframt er gert ráð fyrir svigrúmi fyrir verslanir og veitingahús á Hafnarsvæði K1, við Sundahöfn. Hlutfall slíkrar þjónustu skal ekki vera meiri en 20% af nýtingarhlutfalli svæðisins.

Uppdráttur breytist ekki og aðalskipulagið helst að öðru leyti óbreytt og öll ákvæði þess gilda áfram eftir breytingu.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010*

**4. Staðfesting landamerkja - Engidalur Efri og Neðri - 2019020047**

Guðmundur Jens Jóhannsson óskar eftir því við skipulagsyfirkvöld Ísafjarðarbæjar f.h. landeigenda jarðarinnar Efri- og Neðri Engidals, að landamerki annarsvegar á milli Efri- og Neðri Engidals og Hafrafells verði staðfest. Hinsvegar landamerki á milli Efri- og Neðri Engidals og Kirkjubóls verði staðfest.

Framlögð gögn eru hnitsettur uppdráttur frá Verkís dags. 24.10.2018 ásamt yfirlýsingu um landamerkin

*Byggingafultrúa falið að vinna málið áfram.*

**5. Staðfesting landamerkja milli Lauga og Suðureyrar - 2019020052**

Lagður fram hnitsettur uppdráttur frá Tæknideild Ísafjarðarbæjar dags. 18.02.2019 á uppdraetti koma fram landamerki milli jarðanna Lauga og Suðureyrar í Súgandafirði, sbr. landamerkjalyfing landamerkjabóka Ísafjarðarsýslu 1883-1958. Lögð fram óundirrituð yfirlýsing um landamerki Suðureyrar og Lauga dags. í febrúar 2019

*Byggingafultrúa falið að vinna málið áfram.*

**6. Laugar - umsókn um framkvæmdaleyfi - 2019020033**

Sölvi Sólbergsson, f.h. Orkubú Vestfjarða sækir um framkvæmdaleyfi í landi Suðureyrar. Sótt er um leyfi til þess að útbúa borteig, vegna fyrirhugaðrar borholu. Fylgigögn eru uppdraettir frá Tækniþjónutu Vestfjarða nr. 12-1376 og 15-1530 ásamt afstöðumynd frá OV dags, dags. 18.01.2019, Umsókn um framkvæmdaleyfi dags. febrúar 2019.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd heimilar útgáfu framkvæmdaleyfis í landi Ísafjarðarbæjar við Laugar, sbr.innsend gögn. Framkvæmdin er innan veghelgunarsvæðis Vegagerðar og ber að sækja um heimild til Vegagerðar. Framkvæmdir eru ekki heimilaðar fyrr en niðurstaða minjavarðar liggur fyrir.*

**7. Fagraholt 12 - Fyrirspurn um byggingaleyfi - 2019020045**

Hjalti Karlsson leggur fram fyrirspurn um hvort heimilt sé að breyta þaki íbúðarhúss við Fagraholt 12, til skýringar hafa verið lagðir fram upphaflegir uppdrættir af Fagraholti 12 dags. 13.07.1975 og júní 1977  
Byggt var eftir samþykktum uppdráttum frá júní 1977

*Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að ekki þurfi að grenndarkynna skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr 123/2010 þar sem ekki er um skuggavarp eða útsýnisskerðingu á aðliggjandi lóðir. Varðar breytingin einungis hagsmuni þinglýsts eiganda Fagraholts 12.*

*Breytingin er byggingarleyfisskyld sbr. gr. 2.3.1 í byggingarreglugerð, skila þarf inn uppfærðum uppdráttum. Byggingafultrúa falið að vinna málið áfram.*

## 8. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar - endurskoðun - 2015100008

Verkefnalýsing kynnt

*Kynnt*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:50**

---

Sigurður Mar Óskarsson

---

Anton Helgi Guðjónsson

---

Póra Marý Arnórsdóttir

---

Lína Björg Tryggvadóttir

---

Jóna Símonía Bjarnadóttir

---

Brynjar Þór Jónasson

---

Axel Rodriguez Överby